

## FUNDARGERÐ

395. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 12. sept. 2017 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Hrafn Magnússon, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Sjöfn Ingólfssdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Guðrún Árnadóttir og Reynir Vilhjálmsson.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

### **1. Fundur FEB og Gráa um frítekjumarkið svo og fundur með fulltrúum ráðuneytisins**

Farið var yfir hinn fjölmenna fund FEB og Gráa hersins síðdegis í gær (11.09.). Hvað þar kom fram og svo næstu skref í kjölfarið. Allir sammála um að þær upplýsingar sem fram hafi verið settar hafi verið upplýsandi. Þung undiralda hjá fundarmönnum. Næstu skref rædd og þá í tengslum við fjárlagafrumvarpið.

### **2. Fasteignagjöld - hækkun þeirra með hækkandi fasteignamati / íbúðaverði**

Formaður fór yfir samskipti sín við borgarstjóra varðandi þá hækkun sem ósjálfrátt hefur leitt af hækkun fasteignaverðs í Reykjavík og sérstaklega í ákveðnum hverfum/svæðum. Unnið verði að tillögu sem lögð verði fyrir borgarstjóra / borgarstjórn. Kallað hefur verið eftir aðilum til að vinna slíka tillögu og er sú vinna farin af stað.

### **3. Leiga íbúðar að Skúlagötu 40**

Framkvæmdastjóri fór yfir áður útsendan tölvupóst frá sem upprunalega kemur frá Finnboga Kristjánssyni lögg. fasteignasala er varðar leigu á íbúð að Skúlagötu 40 til aðila sem ekki er félagsmaður FEB. Niðurstaða. Samþykkt heimild af stjórn FEB til núverandi eigenda að leigja megi út íbúðina í takmarkaðan tíma, allt að einu ári frá 1. september 2017 vegna sérstakra aðstæðna, sbr. kvaðir sem á íbúðunum eru.

### **4. Önnur mál**

Kjaranefnd - samþykkt að „endurvekja“ og ganga frá nöfnum á næsta fundi stjórnar.

Tillaga formanns um niðurfellingu félagsgjald. Stjórn samþykkir að eldri borgarar með ákveðnar lágmarkstekjur, viðmið lágmarksgreiðsla frá TR fái afslátt af félagsgjöldum næsta árs. Erna Indriða sat hjá í þessum lið.

Öldungaráð Reykjavíkur. Sjöfn Ingólfssdóttir samþykkt sem varamaður í öldungaráð Reykjavíkur fyrir hönd FEB í stað Bryndísar Torfadóttur sem tók við sem aðalamaður. Gildir út kjörtímabilið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.05.  
Samþykkt;

